

HARPA RÚN ÁSMUNDSDÓTTIR

Í óleyfi hreppsnefndar

Brottrekstur þrettán húsmanna og -kvenna úr Súðavíkurhreppi í árslok 1885

Þar eð hreppsnefndinni er ókunnugt um að þjer hafið fengið nokkurt leifi til að setjast að hjer í hreppi sem húsmaður þá lætur hún yður hjer með vita að þjer verðið að víkja hjeðan úr hreppi á næstkomandi fardögum undir aðför að lögum nema þjer getið sínt skriflegt leifi frá sveitarnefndinni fyrir húsmennsku yðar hjer í hreppi.¹

Í byrjun desember árið 1885 fengu þrettán einstaklingar, níu karlar og fjórar konur, sem búsett voru í Súðavíkurhreppi við Ísafjarðardjúp ofangreint bréf þar sem þeim var gert að yfirgefa hreppinn ásamt fjölskyldum sínum í fardögum árið eftir. Að álitu hreppsnefndar höfðu þessir einstaklingar gerst brotlegir við gildandi lög um húsmennsku, það er tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi frá 1863, og höfðu því hvorki búsetu- né atvinnuleyfi í hreppnum. Hluti þessa fólks hafði þó stundað ólöglega húsmennsku í hreppnum um nokkurt skeið og virðist hreppsnefndin því hafa horft í gegnum fingur sér árin á undan og leyft fólkinu að dvelja og starfa í hreppnum óáreitt.² En hvað varð til þess að hreppsnefnd Súðavíkurhrepps gerði aðför að þessu fólki árið 1885 og bannaði því áframhaldandi búsetu í hreppnum? Hér á eftir verður brottrekstur nefndarinnar á ólöglegum íbúum hreppsins skoðaður frá nokkrum hliðum með það að markmiði að varpa ljósi á hvað stóð að baki ákvörðun hennar. Fyrst verður sjónum beint að um-

¹ Héraðsskjalasafnið Ísafirði, hér eftir Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurhrepp 1883–1896.

² Af þeim þrettán einstaklingum sem hreppsnefndin vísaði úr hreppnum voru fimm búsettir í hreppnum árið 1880. Aðrir höfðu dvalið í hreppnum skemur en fimm ár.



Ritid

1. tbl. 24. árg. 2024 (99-118)
Ritrynd grein

© 2024 Ritid, tímarit Hugvísindastofnunar og
höfundar greinarinnar

Útgefandi:
Hugvísindastofnun Háskóla Íslands,
Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík

Birtist á vefnum <http://www.ritid.hi.is>.
Tengiliður: ritid@hi.is

DOI: 10.33112/ritid.24.1.4
Birt samkvæmt skilmálum
Creative Commons BY (4.0).

ræðu sem átti sér stað á Alþingi og í tímaritum í aðdraganda þess að breytingar voru gerðar á lögum um þurrabúðarmenn árið 1888, en sú umræða varpar ljósi á viðhorf ráðandi stétta í garð þurrabúðarfólks. Þá verður þáttur yfirvalda, það er sýslumanns Ísafjarðarsýslu og hreppsnefndar Súðavíkurrepps, tekinn til skoðunar en það var í höndum þessara stofnana að veita einstaklingum leyfi til hús- eða þurrabúðarmennsku.

Skömmu eftir að bréf hreppsnefndarinnar bárust viðtakendum þeirra svöruðu fimm einstaklingar bréfinu, fjórir karlar og ein kona. Þessi samskipti nefndarinnar og ólöglegra íbúa hreppsins eru varðveitt í bréfabók hreppsnefndar Súðavíkurrepps og varpa þau áhugaverðu ljósi á túlkun og meðferð yfirvalda á atvinnulöggjöfinni annars vegar og hins vegar hvernig einstaklingar sem störfuðu utan vistarbandsins gátu nýtt sér annmarka löggjafarinnar til að skapa sér rými. Sagnfræðingurinn Vilhelm Vilhelmsson hefur stundað rannsóknir á andófi þeirra sem hann kallar undirsáta í íslensku samfélagi á níttjándu öld og sérstaklega möguleikum vinnuhjúa og lausamanna til að andæfa reglum, aga og stigveldi samfélagsins. Vilhelm hefur einkum beint sjónum að tímabilinu fram til þess að lög um vistarband voru rýmkuð verulega, en líkt og hann hefur bent á hefur lítið verið skrifað um andóf þeirra einstaklinga sem settir voru undir aga vistarskyldunnar eftir að breytingar urðu á lögum um lausamenn, húsmenn og vinnuhjú árin 1863 og 1866.³ Af þeim fimm einstaklingum sem svöruðu bréfi nefndarinnar andæfðu fjögur valdboði hennar og kröfðust þess að fá að dvelja áfram í hreppnum og halda þar áfram húsmennsku. Þannig nýtist bréfabók hreppsnefndar Súðavíkurrepps vel til að varpa ljósi á það hvernig einstaklingar sem störfuðu utan vistarskyldunnar eftir að lögin voru rýmkuð sömdu um stöðu sína við yfirvöld.

³ Vilhelm Vilhelmsson, *Sjálfstætt fólk*, Reykjavík: Sögufélag, 2017. Sjá einnig Vilhelm Vilhemsson, „The Moral Economy of Compulsory Service. Labour Regulations in Law and Practice in Nineteenth-Century Iceland“, *Labour Laws In Preindustrial Europe. The Coercion and Regulation of Wage Labour, c. 1350-1850*, ritstjórar Jane Whittle og Thijs Lambrecht, Woodbridge: Economic History Society, 2023, bls. 227–245; Vilhelm Vilhelmsson, „Tactics of Evasion. The survival strategies of vagrants and day labourers in eighteenth and nineteenth century rural Iceland“, *1700-tal. Nordic Journal for Eighteenth-Century Studies* 17: 2020, bls. 34–56. Sjá einnig til að mynda Guðmundur Jónsson, „Institutional Change in Icelandic Agriculture 1780–1940“, *Scandinavian Economic History Review* 41: 2/1993, bls. 101–128, Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið. Uppruni og endimörk*, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og Reykjavíkúrákademían, bls. 51–55 og 100–105; Guðmundur Hálfðanarson, „Íslensk þjóðfélagsþróun á 19. öld“, *Íslensk þjóðfélagsþróun 1880–1900. Rígerðir*, ritstjórar Guðmundur Hálfðanarson og Svanur Kristjánsson, Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Sagnfræðistofnun Háskóla Íslands, 1993, bls. 9–58.

Löggjöfin

Þrátt fyrir að allir þrettán viðtakendur bréfanna hafi í augum hreppsnefndar Súðavíkurhepps gerst sekir um ólöglega húsmennsku var raunin sú að staða fólksins var ólík, bæði hvað varðar búsetu og atvinnu. Í kirkjubók Eyrarsóknar eru titlar fólksins aðrir og fjölbreyttari. Af körlunum eru sex skráðir húsmenn, tveir lausamenn og einn vinnumaður.⁴ Þetta ósamræmi á milli heimilda gerir það að verkum að erfitt reynist að átta sig á raunverulegri stöðu fólksins og atvinnu. Þá hefur hugtakið húsmáður oft verið notað sem samheiti yfir tvo ólíka hópa, húsmenn og þurrabúðarmenn, þrátt fyrir að á þeim sé grundvallarmunur. Húsfólk voru einstaklingar sem leigðu húsaskjól hjá öðrum og höfðu oft hjá þeim einhver jarðarafnot og höfðu sinn eigin búfénað. Þurrabúðarfólk voru hins vegar einstaklingar sem bjuggu við sjávarsíðuna og lifðu að mestu leyti á sjósókn eða sjávarafla. Flest þeirra sem fengu bréf hreppsnefndar Súðavíkurhepps í árslok 1885 voru búsett við sjávarsíðuna og því má ætla að mörg þeirra hafi haft aðalframtæri sitt af fiskveiðum eða störfum þeim tengdum. Þá var Súðavíkurhreppur sjávarhreppur, undirlendi takmarkað og reiddu íbúar hreppsins sig því að mestu leyti á sjósókn.

Hvort sem fólk kaus að hefja húsmennsku, þurrabúðarmennsku eða lausamennsku þá setti löggjöfin því nokkrar takmarkanir. Þau lög sem hreppsnefnd Súðavíkurhepps byggði ákvörðun sína á og vísar til í bréfi sínu er tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi, sem gefin var út 26. maí 1863. Með þeirri tilskipun voru lög um vistarband, sem hafði verið við lýði frá 1783 og skikkað allt búlaust fólk til að ráða sig í ársvist, rýmkuð og fólki gert kleift að losa sig undan vistarskyldu með leyfi yfirvalda og greiðslu leyfisgjalds. Þau ákvæði tilskipunarinnar sem lutu að hús- og þurrabúðarmönnum kváðu á um að enginn mætti gerast hús- eða þurrabúðarmaður án leyfis hreppsnefndar þess hrepps sem hann hugðist setjast að í. Synjaði hreppsnefndin umsókninni gátu einstaklingar skotið máli sínu til sýslumanns og síðan til amtmanns, sem gaf lokaúrskurð. Enn þrengri skorður voru settar þeim sem hugðust hefja lausamennsku, en til þess að losa sig undan vistarskyldunni þurftu einstaklingar að kaupa sérstök leyfisbréf. Bændur sem höfðu búið í 15 ár eða lengur og staðið skil á sköttum og gjöldum auk einstaklinga sem höfðu verið í vinnumennsku í 20 ár og hlotið góðan vitnisburð gátu þó fengið leyfisbréf borgunarlaust.⁵ Af þeim þrettán ein-

⁴ Þjóðskjalasafn Íslands, hér eftir *P.Í.* Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894).

⁵ *Lovsamling for Island* 18, Oddgeir Stephensen tók saman, Kaupmannahöfn: Höst, 1885, bls. 549–553.

staklingum sem vísað var burt úr Súðavíkurreppi störfuðu að minnsta kosti þrjú sem handverks- eða lausafólk en ætla má að restin hafi unnið önnur störf, voru í hús- eða þurrabúðarmennsku og flest búsett í þurrabúðum.⁶ Hreppsnefnd Súðavíkurrepps hefur þó litið á alla þá einstaklinga sem hún vísaði burtu sem hús- eða þurrabúðarfólk og nýtti nefndin sér það vald sem tilskipunin veitti henni til að reka fólk úr hreppnum. Lögin heimiluðu nefndinni að vísa burtu öllu því húsfólki, sem ekki hafði fengið leyfi til að setjast þar að, með misseris fyrirvara og voru það aðgerðirnar sem hún réðist í í árslok 1885.

Þrátt fyrir að hreppsnefndin hafi sótt valdboð sitt í tilskipun um lausamenn og húsmenn á Íslandi hafði reglugerð varðandi sveitfesti einstaklinga einnig áhrif á ákvörðun hennar um að vísa ólöglegum íbúum burtu úr hreppnum. Samkvæmt þessari reglugerð gátu einstaklingar öðlast sveitfesti innan hrepps með tíu ára samfelldri og löglegri búsetu þar.⁷ Viðtakendur bréfa hreppsnefndar Súðavíkurrepps áttu það öll sameiginlegt að vera aðkomufólk sem hafði sveitfesti annars staðar en í hreppnum og hafði dvalið þar í skemmri tíma. Aðeins fimm þeirra voru búsett í Súðavíkurreppi árið 1880 og sum þeirra nálgudust tíu ára samfellda búsetu þar. Ætla má að hreppsnefndin hafi óttast að með áframhaldandi búsetu þeirra í hreppnum gætu þau áunnið sér framfærslurétt innan hreppsins ef ekkert væri aðhafst í málum þeirra.⁸

Frumvarp að lögum um hús- eða þurrabúðarmenn

Árið 1881 var lögð fram á Alþingi tillaga að þingsályktun þar sem landsstjórnin var hvött til að leggja fram „frumvarp til þurfamannalaga, innihaldandi meðal annars ákvarðanir um vald hreppsnefndanna gagnvart þeim, er þiggja af sveit, og gagnvart lausamönnum og húsmönnum.“⁹ Fjórum árum síðar var frumvarp að nýjum lögum um lausamenn, húsmenn og þurrabúðarmenn loks lagt fram í

⁶ Guðmundur Jónsson er skráður lausamaður í sóknarmannatali ársins 1885. Jón Helgason er skráður trésmiður og lausamaður í manntali ársins 1880 og starfaði einnig sem trésmiður samkvæmt manntali 1890. Guðbjörg Sigurðardóttir er skráð tóvinnukona í manntali ársins 1890 en var í vinnumennsku í Ögurhreppi árið 1880. Sjá *Vef* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Eyrarsókn í Seyðisfirði, 1880 og 1890.

⁷ *Lovsamling for Island* 14, Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson tóku saman, Kaupmannahöfn: Höst, 1868, bls. 134–136; *Lovsamling for Island* 10, Oddgeir Stephensen og Jón Sigurðsson tóku saman, Kaupmannahöfn: Höst, 1861, bls. 410–435.

⁸ Búsett í Eyrarsókn í Seyðisfirði samkvæmt manntali ársins 1880 voru Guðmundur Bjarnason, þá titlaður húsbóndi, Jón Jónatansson húsmáður, Jón Helgason lausamaður, Kristján Ólafsson vinnumaður og Ósk Þorsteinsdóttir vinnukona. *Vef* Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Eyrarsókn í Seyðisfirði, 1880.

⁹ *Alþingistíðindi* 1:1881, bls. 591.

neðri deild þingsins.¹⁰ Málið var lítillaga rætt á þinginu árið 1885, en aftur tekið til umræðu í báðum deildum þess árið 1887 og náði það þá aðeins til húsmanna og þurrabúðarmanna. Þá var frumvarpið einnig rætt á síðum blaða og tímarita, en í þessari umræðu tókust á hugmyndir um frelsi einstaklingsins og atvinnufrelsi annars vegar og hins vegar íhaldssamari viðhorf þar sem áhersla var lögð á að viðhalda samfélagsskipan gamla bændasamfélagsins.¹¹ Þrátt fyrir að umræður þingsins og umfjöllun um frumvarpið á opinberum vettvangi hafi átt sér stað eftir að ólöglegum hús- og þurrabúðarmönnum var vísað úr Súðavíkurbreppi, þá nýtist hún til að varpa ljósi á viðhorf til þessara hópa og ástæðu þess að yfirvöldum þótti mikilvægt að stemma stigu við fjölgun þeirra.

Frumvarpinu var einkum ætlað að takmarka möguleika fólks á að setjast að í þurrabúðum við sjóinn og voru ákvæði sem lutu að þurrabúðarmönnum hert að nokkru leyti. Það gerði ráð fyrir að til þess að setjast að í þurrabúð þyrftu einstaklingar að eiga að minnsta kosti 400 króna eign, en þar að auki þyrfti lóð með matjurtargarði að fylgja þurrabúðum utan kaup- og verslunarstaða.¹² Sveitarþyngsli af völdum þurrabúða, iðjuleysi þurrabúðarmanna auk valdaleyfis sveitastjórna gagnvart þeim voru tilgreindar sem helstu ástæður frumvarpsins, en með því að setja skilyrði um ræktun matjurtargarðs töldu flutningsmenn þess að færri „mundu ... yfirgefa sveitabúskap, er þeir sæju að þeir gætu ekki fengið að lifa í iðjuleysi.“ Þeir sáu því fram á að með því að gera kröfu um jarðyrkju myndu einstaklingar síður freista þess að stofna heimili við sjávarsíðuna. Töldu þeir leti þurrabúðarmanna fyrst og fremst stafa af því að þeir ræktuðu ekki landið, að þeir hefðu „týnt niður að vinna það, sem þeir kunnu upphaflega að sveitavinnu“ og að þeir héngu í iðjuleysi þá daga sem ekki væri unnt að róa á miðin.¹³

Meðal helstu andstæðinga frumvarpsins í umræðum á Alþingi voru prestarnir Þórarinn Böðvarsson í Görðum á Álftanesi og Arnljótur Ólafsson á Bægisá í Eyjafirði.¹⁴ Þeir voru báðir fylgjandi atvinnufrelsi og því andvígir því að takmarka möguleika fólks til að setjast að við sjávarsíðuna og lifa af fiskveiðum í stað landbúnaðar. Voru þeir sammála um að vænlegast væri að menn fengju að „bjarga sjer á þann hátt og með þeim meðulum, sem menn bezt geta, þegar

¹⁰ *Alþingistíðindi* 1885 C, bls. 219–221.

¹¹ Sjá til að mynda Guðmundur Jónsson, „Stjórnæti gamla samfélagsins. Hundrað ár frá leysingu vistarbandsins“, *Ný saga* 6/1993, bls. 64–69; Guðmundur Hálfðanarson, *Íslenska þjóðríkið*, bls. 51–55; Guðmundur Hálfðanarson, „Frelsi er ekki sama og frjálshyggja“, *Ný saga* 3/1989, bls. 4–11.

¹² *Alþingistíðindi* 1887 C, bls. 164.

¹³ Sama rit, bls. 165–166.

¹⁴ Þórarinn Böðvarsson sat í neðri deild Alþingis og var þingmaður Gullbringu- og Kjósarsýslu en Arnljótur Ólafsson var konungkjörinn þingmaður í efri deild þingsins.

meðulin eru þannig, að þau geta eigi skaðað aðra.¹⁵ Sömu viðhorf birtust í viku- og hálfsmánaðarblaðinu Þjóðviljanum, sem gefinn var út á Ísafirði. Í grein frá árinu 1887 segir að nauðsynlegt sé að gera breytingar á gildandi lögum um hús- og þurrabúðarmenn, en að sú breyting hefði átt að vera í aðra átt en frumvarpið gerði ráð fyrir. Höfundur greinarinnar telur að „nema [eigi] burt allar þær skorður, sem nú eru settar fyrir atvinnufrelsi manna“ því óeðlilegt sé að maður megi „ekki hafa ofan af fyrir sér, þar sem hann hyggur sig geta bjargast bezt.“¹⁶

Ofangreind viðhorf voru í miklum minnihluta meðal alþingismanna og var stærstur hluti þeirra fylgjandi frumvarpinu að mestu eða öllu leyti. Þorlákur Guðmundsson, flutningsmaður frumvarpsins, sagði það ekki aðeins ganga „út á það að þröngva rjetti húsmanna og þurrabúðarmanna, heldur miklu fremur út á, að tryggja hag þeirra í framtíðinni“.¹⁷ Með því að krefjast 400 króna eignar og ræktaðrar lóðar í kringum þurrabúðirnar töldu þingmennirnir að unnt væri að tryggja ræktun landsins og koma í veg fyrir að þurrabúðarmenn yrðu bjargarlausir um leið og afflenn brygðist.¹⁸ Eignakrafan og matjurtargarðurinn áttu þannig hvort í senn að koma í veg fyrir aukin sveitaþyngsl af völdum bjargarlausra þurrabúðarmanna og tryggja að þeir viðhéldu þeirri kunnáttu sem þeir höfðu lært í sveitunum, það er að yrkja jörðina, og koma þannig í veg fyrir iðjuleysi og leti. Margir þingmannanna töldu þurrabúðirnar helstu ástæðu sveitaþyngsla og lýstu þeim sem „átumein[í] þjóðarinnar og undirrot eymdar og volæðis“.¹⁹ Þessi viðhorf birtust einnig í ýmsum blöðum og tímaritum þar sem frumvarpinu var tekið fagnandi. Voru greinarhöfundar sammála um að eignakrafan og matjurtargarðurinn gætu dregið úr flutningum fólks til sjávarsíðunnar, tryggt afkomu sjómanna og komið í veg fyrir aukin sveitaþyngsl á tímum aflabrests.²⁰ Það fór svo að frumvarpið var samþykkt í báðum deildum þingsins árið 1887 með

¹⁵ *Alþingistíðindi* 1887 B, d. 788. Sjá einnig *Alþingistíðindi* 1887 B, d. 1016; *Alþingistíðindi* A, d. 544–545, 616–617.

¹⁶ Þurrabúðarmaður, „Þurrabúðarmennskan“, *Þjóðviljinn* 1:25/1887, bls. 97–98. Í ævisögu Skúla Thoroddsen kemur fram að Skúli, auk séra Sigurðar Stefánssonar í Vígur, hafi verið helstu greinarhöfundar Þjóðviljans. Ljóst er af málflutningi Sigurðar á þingi að hann var ekki sammála því sem kemur fram í greininni og er Skúli því líklega höfundur hennar. Sjá Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen* I, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 115–119.

¹⁷ *Alþingistíðindi* 1887 B, d. 787.

¹⁸ Sama rit, d. 787–802, 1012–1017; *Alþingistíðindi* A, d. 544–547, 616–620.

¹⁹ *Alþingistíðindi* 1887 B, d. 796.

²⁰ Sjá til að mynda G.G., „Þurrabúðir, sveitaþyngsl o. fl.“, *Þjóðólfur* 38:27/1886, bls. 105–107; G.G., „Þurrabúðir, sveitaþyngsl o. fl. frh.“, *Þjóðólfur* 38:28/1886, bls. 109–110; „Þurrabúðarmannalögin“, *Fjallkonan* 4:36/1887, bls. 141–142.

Þessum ákvæðum, sem takmörkuðu enn frekar möguleika fólks til að setjast að í þurrabúðum við sjávarsíðuna.²¹

Í umræðum Alþingis árið 1887 hélt þingmaðurinn Arnljótur Ólafsson því fram að samkvæmt konunglegum úrskurði frá 1808 væri það í höndum sýslumanna að sjá til þess að þurrabúðum fjölgaði ekki um of. Sagði hann sýslumenn almennt sinna þessari skyldu sinni vel og þeir gættu þess að þurrabúðarmenn væru ekki fleiri „en samsvari rjettri tiltölu bjargræðisveganna og þeirra vanalega afla“. Því hafi amtmenn eða önnur yfirvöld ekki séð þess þörf að kæra sýslumenn landsins fyrir vanrækslu í þessum efnum.²²

Þáttur sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu

Sumarið 1885 hafði sýslumanni Ísafjarðarsýslu, danska lögfræðingnum Carl Fensmark, verið vikið úr embætti „fyrir megnustu vanskil á gjöldum í landssjóð og ýmsa annmarka aðra á embættisrekstri“. Í október sama ár var Skúli Thoroddsen skipaður nýr sýslumaður í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógeti á Ísafirði, en hann hafði gegnt stöðu sýslumanns frá 1884 og gert rannsókn á embættisfærslu Fensmarks.²³ Það urðu því breytingar á embætti sýslumanns skömmu áður en hreppsnefnd Súðavíkurhrepps vék ólöglegum húsmönnum úr hreppnum og því áhugavert að velta upp mögulegum áhrifum nýs sýslumanns á ákvörðun nefndarinnar.

Samkvæmt lögum um lausamenn og húsmenn frá 1863 var það í höndum sveitarstjórna að veita leyfi til hús- eða þurrabúðarmennsku. Ef leyfinu var synjað gátu einstaklingar leitað til sýslumanna, sem mátu hvort synjun sveitarstjórnar væri gild eður ei. Staðfesti sýslumaður synjunina gátu einstaklingar skotið málum sínum áfram til amtsins.²⁴ Það var því ekki aðeins í höndum sýslumanna að sjá til þess að þurrabúðarmönnum fjölgaði ekki um of líkt og Arnljótur hélt fram, heldur leituðu einstaklingar fyrst til sveitarstjórna þegar þeir sóttu um leyfi fyrir þurrabúðarmennsku. Fylgismenn frumvarpsins, sem fjallað var um hér að ofan, bentu á þetta í málflutningi sínum og héldu því fram að sveitarstjórnir hefðu ekki nægilegt vald í þessum málum. Í greinargerð, sem fylgdi frumvarpinu, kemur fram að hreppsnefndir gætu ekki gefið þeim sem synjað var um leyfi til að setjast að í þurrabúð fullgildar ástæður „nema beiðandinn sje annaðhvort opinber glæpamaður eða vitskertur.“²⁵

²¹ *Alþingistíðindi* 1887 A, d. 622; *Alþingistíðindi* 1887 B, d. 1253.

²² Sama rit, d. 616–617.

²³ „Sýslumanni vikið úr embætti“, *Ísafold* 11:4/1884, bls. 133; Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen I*, Reykjavík: Heimskringla, 1968, bls. 86–92.

²⁴ *Lovsamling for Island* 18, bls. 552.

²⁵ *Alþingistíðindi* 1887 C, bls. 165–166.

Árið 1887 birtist grein í Þjóðviljanum, málgagni Skúla Thoroddsen, undir yfirskriftinni „Þurrabúðarmennskan“. Greinarhöfundur notaði dulnefnið þurrabúðarmaður, en ekki er ólíklegt að þar hafi Skúli sjálfur haldið á penna. Þar segir hann „[h]reppsnefndir leyfa sér óspart að synja um húsmennskuleyfi“ og þurfi umsækjandinn hvorki að vera glæpamaður eða vitfirringur líkt og haldið var fram í greinargerðum frumvarpsins. Segir hann enn fremur að það sé ekki þurrabúðarmennskan sem valdi mestum sveitarþyngslum, „heldur hið takmarkaða vald, sem sveitarstjórnnum hefir verið afskammtað gegn ráðlausum og lötum þurfamönnum“. Greinarhöfundur Þjóðviljans var fylgjandi atvinnufrelsi og vildi ekki takmarka möguleika manna á að setjast að í húsmennsku eða þurrabúðum. Hins vegar vildi hann auka vald sveitarstjórna til þess að vísa burtu þurfamönnum, það er einstaklingum sem þáðu sveitarstyrki, og þannig koma í veg fyrir sveitaþyngsl.²⁶

Ef tekið er tillit til umræðunnar á Alþingi virðist hreppsnefndum sjávarhreppanna lítið hafa orðið ágengt í baráttu sinni gegn fjölgun þurrabúðarmanna. Til að færa rök fyrir úrræðaleyfi hreppsnefnda í þessum málum benti Þorlákur Guðmundsson á að amtmaðurinn í Suðuramtinu hafi beðið sýslumann Gullbringu- og Kjósarsýslu „að senda strangt umburðarbrjef suður um alla hreppa sýslunnar, um það að flytja burtu á þessu sumri alla þá þurrabúðarmenn, sem þar væru í óleyfi hreppsnefndanna“.²⁷ Brottflytningur ólöglegra þurrabúðarmanna virðist því hafa átt sér stað annars staðar á landinu á svipuðum tíma fyrir tilstilli amtmanns og sýslumanns. Það er þó óvíst hvort Skúli Thoroddsen hafi sent slíkt bréf til hreppsnefndar Súðavíkurhrepps þar sem hluti skjallasafns sýslumannsins í Ísafjarðarsýslu brann árið 1924. Bréf og bréfabækur sýslumanns frá 1885 hafa því ekki varðveist.²⁸ Þá nær bréfabók hreppsnefndar Súðavíkurhrepps ekki lengra aftur en til mars 1885, en í henni er ekkert bréf að finna þar sem Skúli hvetur til brottflyttings ólöglegra húsmanna og þurrabúðarmanna.²⁹ Það er því ekki unnt að greina þátt sýslumannsins Skúla Thoroddsen í þessu máli, en ljóst er að hann var sjálfur fylgjandi eflingu sjávarútvegs og taldi því ekki nauðsynlegt að setja fjölgun hús- og þurrabúðarmanna skorður.³⁰

²⁶ Þurrabúðarmaður, „Þurrabúðarmennskan“, bls. 98. Í ævisögu Skúla Thoroddsen er það gefið til kynna að hann sé höfundur greinarinnar. Sjá Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen II*, Reykjavík: Heimskringla, 1974, bls. 353.

²⁷ *Alþingistíðindi* 1887 B, d. 1017.

²⁸ Eyjólfur Jónsson, *Vestfirzkir slysadagar 1880-1940 II*, Ísafjörður: Sögufélag Ísfirðinga, 1996, bls. 244.

²⁹ Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurhrepp 1883–1896. Í bréfabókina er færður samningur hreppsnefndar frá 1883, en elsta skráða bréfið er frá 17. mars 1885.

³⁰ Jón Guðnason, *Skúli Thoroddsen I*, bls. 65–71; „Stefna Þjóðviljans“, *Þjóðviljinn* 1: 1/1887,

Þáttur hreppsnefndar Súðavíkurhrepps

Miklar breytingar urðu á byggð og samfélagi í Súðavíkurhreppi á 19. öld en frá 1801 til 1890 fjölgaði íbúum hreppsins um 54%, úr 253 í 383.³¹ Þessi mikla fólksfjölgun varð þess valdandi að jarðnæði var af skornum skammti undir lok aldarinnar og sífellt hærra hlutfall íbúa hreppsins bjó í þurrabúðum við sjávarsíðuna. Samkvæmt manntali ársins 1880 höfðu um 60% fullorðinna karlmanna í hreppnum, sem ekki voru í vinnumennsku eða á sveit, aðalframfæri sitt af fiskveiðum og því ljóst að mikill hluti hreppsúa reiddi sig að mestu eða öllu leyti á sjávarútveg. Aukinn fólksfjöldi og straumur fólks í hreppinn kallaði á aukid eftirlit hreppsstjórnar Súðavíkurhrepps, sem glímdi við sama vandamál og aðrir sjávarhreppar; fjölgun þurrabúðarfólks. Meðal helstu starfa hreppsnefnda á þessum tíma var að sjá um fátækraframfærslu en frá 1848 þurftu einstaklingar að dvelja samfleytt í tíu ár innan sama hreppsins, öðrum en fæðingarhrepp, til að öðlast þar sveitfesti og réttindi til framfærslu.³² Með stöðugum flutningum fólks í hreppinn og fjölgun þurrabúða hefur það reynst nefndinni ærið starf að fylgjast með því hverjir áttu rétt til framfærslu innan hreppsins og hverjir ekki.

Þar sem sífellt fleiri hreppsúar byggðu afkomu sína nær eingöngu á fiskveiðum höfðu aflabrogð mikil áhrif á kjör þeirra. Í aðsendri grein sem birtist í Ísafold árið 1883 segir að árin á undan hafi fiskveiðar við Ísafjarðardjúp verið „með bezta móti í öllum veiðistöðum ... og verð á fiski hátt“, þess vegna lifi íbúar svæðisins „yfir höfuð neyðar lítið eins og stendur“.³³ Tveimur árum síðar, sumarið 1885, kveður við annan tón í tímaritinu *Norðanfara*. Þar segir að þungbært fiskileysi hafi hrjád íbúa Djúpsins veturinn á undan og fram á vor og útlit sé fyrir að „hin mikla Guðsblessunar gull kista Ísafjarðardjúp, sje algjörlega að lokast“. Er þessu lýst sem miklu áfalli fyrir íbúa Djúpsins og veturinn 1884–1885 sagður hafa „verið einn hinn verstí með harðindi og óhöpp“.³⁴ Þennan mikla aflabrest er áhugavert að setja í sambengi við þær brottvísanir sem hér eru til umfjöllunar og áttu sér stað í lok árs 1885, veturinn eftir að aflabresturinn gerði vart við sig. Líklegt er að Súðavíkurhreppur hafi séð fram á aukin sveitarþyngsl af völdum þurrabúðarmanna sem ekki gátu framfleytt sér vegna aflaleysis og því gripið til þess ráðs að vísa þeim sem hvorki höfðu sveitfesti eða búsetuleyfi burtu úr hreppnum.

bls. 1–2.

³¹ *Hagskinna. Sögulegar hagtölur um Ísland*, ritstjórar Guðmundur Jónsson og Magnús S. Magnússon, Reykjavík: Hagstofa Íslands, 1997, bls. 64–75. Á sama tíma fjölgaði landsmönnum úr 47.170 í 70.927.

³² *Lovsamling for Island* 14, bls. 134–136.

³³ „Kafli úr brjefi frá Ísafjarðardjúpi“, *Ísafold* 10: 5/1883, bls. 19.

³⁴ „Ögurshrepp í Ísafjarðarsýslu“, *Norðanfari* 24: 45–46/1885, bls. 91.

Einn þeirra þingmanna sem tóku þátt í umræðu Alþingis um hús- og þurrabúðarmenn var séra Sigurður Stefánsson í Vigur. Hann var sóknarprestur í Ögurþingum í Ísafjarðardjúpi og því kunnugur lifnaðarháttum í þeim tveimur hreppum sem tilheyrðu prestakalli hans, Ögurhreppi og Súðavíkurhreppi. Í umræðu þingsins árið 1887 bar hann saman ástandið í þessum tveimur hreppum og sagði að í öðrum þeirra væru fáar þurrabúðir og ástand hreppsins því í góðu lagi. Í hinum, sem að öllum líkindum var Súðavíkurhreppur, sé hins vegar „annarhvor búandi í þurrabúð“ og því séu þar „flestallir á heljarþröminni undir eins og ekki fiskast“.³⁵ Þá sagði hann að hreppsnefndirnar gætu takmarkað fjölda þurrabúða, en raunin væri sú að þær gerðu það ekki. Í góðri aflatið safni því „efnaðir útvegsbændur að sjer tómthúsmönnum, og láta þá róa á sínum útveg, en þegar svo aflaleysisár koma þá [megi] sveitarsjóðurinn ala þurrabúðarmennina“.³⁶

Í kjölfar aflabrests hefur sveitarstjórn Súðavíkurhrepps því átt í vændum aukin útgjöld vegna fátækra þurrabúðarmanna. Líklegt er að nefndin hafi lítið skipt sér af fjölgun ólöglegra hús- og þurrabúðarmanna árin á undan þegar fiskveiðar gengu vel og hátt verð fékkst fyrir fiskinn en síðan tekið til hendinni þegar ljóst var að stór hópur fólks ætti erfitt með að framfleyta sér og fjölskyldum sínum. Aðgerðir hreppsnefndarinnar beindust þó ekki aðeins að ólöglegum íbúum hreppsins. Síðla árs 1886 skrifaði oddviti Súðavíkurhrepps séra Sigurði í Vigur bréf þar sem hann bað hann að víkja bóndanum Rögnvaldi Guðmundssyni af ábýlisjörð hans þar sem hann væri við það að hljóta sveitfesti í hreppnum. Í bréfinu sagði oddvitinn enn fremur að aðgerðir hreppsnefndarinnar gagnvart líklegum þurfamönnum ekki vera af mannvönsku, heldur sé markmið nefndarinnar að reyna að verja hreppinn þar sem hann hafi þegar „fengið nóg ámæli ... fyrir vanhirðingu í þessu falli“.³⁷ Ekki er ljóst hvaðan það ámæli hefur komið en hreppurinn virðist hafa tekið nokkuð harða afstöðu gegn öllum þeim sem nálgudust tíu ára samfellda búsetu í hreppnum og líklegir voru til að verða til vandræða á næstu árum.

³⁵ *Alþingistíðindi* 1887 B, d. 795–796. Í sóknarmannatali ársins 1887 er enginn þurrabúðarmaður skráður, hvorki í Ögursókn eða Eyrarsókn í Seyðisfirði. Í manntali ársins 1890 er hins vegar nokkur fjöldi fólks skráður til heimilis í þurrabúðum í Eyrarsókn (Súðavíkurhreppi) en enginn í Ögursókn. Sjá ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894); *Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Eyrarsókn í Seyðisfirði og Ögursókn* 1890.

³⁶ Sama rit, d. 1012–1013.

³⁷ Svar séra Stefáns hefur ekki verið fært inn í bókina svo óvíst er hvort að hann hafi brugðist við bréfi nefndarinnar. Hann vísaði Rögnvaldi ekki af jörðinni og bjó hann á Uppsölum næstu áratuginna. Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurhrepp 1883–1896, bls. 50–51.

Auk þess að vísa burt ólöglegum hús- og þurrabúðarmönnum sendi hreppsnefndin frá sér umburðarbréf þar sem hún brýndi fyrir íbúum hreppsins að „hýsa ekki 1a nóttu lengur hvern þann karlmann eða kvenmann, sem búið er að vísa burt úr hreppnum“. Þá var bændum að sama skapi bannað að „vista ... til sín nokkurt það hjú ... ef það sannast að það sé búið að vera hjer í hreppi fram undir að það sje orðið sveitlægt.“³⁸ Markmið hreppsnefndarinnar var því ekki aðeins að losna við þá íbúa hreppsins sem ekki höfðu löglega búsetu, heldur einnig allt það vinnufólk sem var við það að hljóta sveitfesti í Súðavíkurbreppi. Íbúar hreppsins hafa þó efast um lögmæti bréfsins, en bréfið barst Skúla Thoroddsen sýslumanni, sem tók það úr umferð. Skúli skrifaði þá oddvita Súðavíkurbrepps og sagðist meðal annars furða sig „stórum á því að nefndin skuli í embættisformi hafa látið slíkt brjéf frá sér fara“, að það sé „lofsvert af nefndinni að sýna ötul-leik í því að fyrri sveit sína vandræðum“ en það geti „bakað henni ábyrgð að ganga fram yfir það sem lög heimila“.³⁹ Framgangur nefndarinnar og lögmæti aðgerðanna virðast því hafa verið vafasamar, en vegna yfirvofandi sveitarþyngsla hafa hreppsnefndarmenn að öllum líkindum fundið sig knúna til að beita öllum brögðum við að koma líklegum þurfamönnum, sem ekki höfðu þar sveitfesti, burtu úr hreppnum. Átti það við hvort sem um var að ræða bændur, húsfólk, þurrabúðarfólk eða vinnufólk.

En hvernig gekk nefndinni að losna við ólöglegt hús- og þurrabúðarfólk og hvað varð um þá einstaklinga sem fengu bréf hreppsnefndar í lok árs 1885? Til þess að svara þessari spurningu verða hér tekin fyrir mál þeirra fimm einstaklinga sem svöruðu bréfi nefndarinnar, trésmiðsins Jóns Helgasonar, tóvinnu-konunnar Guðbjargar Sigurðardóttur auk þurrabúðarmannanna Jóns Jónat-anssonar, Kristjáns Þórðarsonar og Kristjáns Ólafssonar.

Mál Jóns Helgasonar

Jóni Helgasyni, húsmanni í Traðarkoti í Súðavík, barst bréf hreppsnefndarinnar þann 14. desember 1885 en svaraði því ekki fyrr en í apríl árið eftir. Jón var 36 ára gamall trésmiður og bjó í Traðarkoti ásamt eiginkonu sinni, tengdamóður og ársögmlum syni.⁴⁰ Í ársbyrjun 1886 hafði Jón leitað til fæðingarsveitar sinnar á Snæfjallaströnd til þess að falast eftir húsnæði til ábúðar. Hann fékk þá leyfi til búsetu á Sandeyri, en þó með „óaðgengilegum kröfum“ þar sem leyfið gildi aðeins til eins árs og þurfti Jón sjálfur að reisa sér og fjölskyldu sinni þak yfir

³⁸ Sama rit, bls. 17–18.

³⁹ Sama rit, bls. 66–67, 130.

⁴⁰ Sama rit; *ÞÍ*. Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894), bls. 35.

höfuðið. Í bréfi sínu bað hann því hreppsnefndina um leyfi til þess að dvelja í hreppnum í eitt ár og lofaði jafnframt að hann myndi vinna fyrir sér og því þyrfti nefndin ekki að styrkja hann.⁴¹ Hreppsnefndin svaraði ekki beiðni Jóns en sendi honum viðvörðun í desember 1886 þar sem honum var gert að yfirgefa hreppinn í fardögum 1887. Jón tók þá til þess ráðs að kæra framgöngu nefndarinnar til sýslumanns, sem tók málið fyrir og skrifaði hreppsnefndinni í mars 1887. Þar benti Skúli nefndinni á að Jón hafi galdið til sveitar í Súðavíkurreppi í ellefu ár og hafi allan þann tíma dvalið í húsmennsku í hreppnum. Því verði „eigi annað álitnið en að nefndin hafi veitt honum húsmennskuleyfi, þar eð henni eigi getur hafa verið ókunnugt um dvöl Jóns í hreppnum öll þessi ár“. Skúli dæmdi því Jóni í hag og taldi tilraunir nefndarinnar til að bægja honum úr hreppnum ekki hægt að skoða „öðruvísi en ólöglegar tilraunir til þess að koma í veg fyrir að Jón ávinni sér sveitfesti í Súðavíkurreppi“.⁴²

Hreppsnefnd Súðavíkurrepps mótmælti úrskurði sýslumanns í bréfi sem oddviti nefndarinnar ritaði í mars 1887. Þar segir hún úrskurð sýslumanns byggja á ósonnum framburði Jóns um dvöl hans í hreppnum. Árið 1879 hafi Jón nefnilega dvalið sem vinnumaður og lærisveinn á Ísafirði og því hafi hreppsnefnd Súðavíkurrepps endurgaldið honum útsvar sem hann greiddi það ár. Því hafi Jón ekki dvalið í hreppnum í ellefu ár samfleytt, líkt og hann virðist hafa haldið fram, og því ekki áunnið sér sveitfesti í Súðavíkurreppi.⁴³ Svar Skúla við bréfi oddvítans hefur ekki verið fært inn í gjörðabók hreppsnefndarinnar og virðist nefndin ekki hafa aðhafst meira í máli Jóns. Jón hélt því áfram húsmennsku og smíðavinnu í Súðavíkurreppi og bjó í hreppnum þar til hann lést rúmlega fimmtugur árið 1906. Hann hlaut sveitfesti í hreppnum og þáði lán úr sveitasjóði Súðavíkurrepps árið 1891.⁴⁴

Mál Guðbjargar Sigurðardóttur

Guðbjörgu Sigurðardóttur barst bréf hreppsnefndar Súðavíkurrepps 18. desember 1885. Hún var 38 ára gömul húskona á Svarfhóli í Álftafirði, hélt heimili út af fyrir sig, var ógift og barnlaus og starfaði sem tóvinnukona.⁴⁵ Guðbjörg

⁴¹ Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurrepp 1883–1896, bls. 40–41.

⁴² Sama rit, bls. 68–69.

⁴³ Sama rit, bls. 68–69.

⁴⁴ Sama rit, bls. 182–183, 195; ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BA/2. Prestþjónustubók (1881–1924), bls. 166.

⁴⁵ ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894), bls. 41. Guðbjörg virðist hafa búið ein í kofa á jörðinni Svarfhóli, það er ekki inni á heimili bændanna þar, en óvíst er hvort að hún hafi haldið einhverjar skepnur auk tóvinnunnar.

svaraði bréfi nefndarinnar samdægurs og reyndi þar að semja við hreppinn um stöðu sína. Í bréfinu bað hún um leyfi til áframhaldandi búsetu í hreppnum en lofaði á sama tíma að yfirgefa hann áður en hún hlyti þar sveitfesti og réttindi til framfærslu.⁴⁶ Hreppsnefndin virðist ekki hafa svarað bréfi Guðbjargar en tveimur árum síðar, í nóvember 1887, barst henni ítrekun þar sem henni var gert að yfirgefa hreppinn í fardögum 1888. Þann sama dag barst bændunum á Svarfhóli, þeim Rögnvaldi Guðmundssyni og Auðunni Hermannssyni, sem jafnframt var mágur Guðbjargar og fyrrverandi hreppstjóri, bréf þar sem nefndin meinaði þeim að aðstoða Guðbjörgu.⁴⁷ Viku síðar skaut hreppsnefndin málinu til sýslumanns þar sem hann var beðinn að láta Guðbjörgu „sæta ábyrgð samkvæmt lögum“ fyrir þann „mótþróa er hún hefur sýnt nefndinni“.⁴⁸

Ekkert svar barst frá Skúla sýslumanni og skrifaði oddviti Súðavíkurhepps honum aftur rúmum tveimur árum síðar, í janúar 1890. Guðbjörg hafði þá dvalið á heimili sínu að Svarfhóli í rúm fjögur ár í óþökk nefndarinnar. Óvíst er hvernær Guðbjörg, sem er skráð til heimilis í Ögurhreppi í manntali 1880, flutti yfir í Súðavíkurhepp en ljóst er að samfelld búseta hennar í hreppnum lengdist með hverju árinu. Því má ætla að hreppsnefndin hafi óttast að sýslumaður kvæði upp sams konar úrskurð í máli hennar og Jóns Helgasonar, það er að hann teldi búsetu hennar í hreppnum löglega sökum afskiptaleysis nefndarinnar. Í bréfi sínu til sýslumanns biður Guðmundur Arason, oddviti hreppsins, Skúla að taka málefni Guðbjargar „til alvarlegrar íhugunar“ og láta hana sæta ábyrgð að lögum fyrir óhlýðni sína „svo hátt sem lög ítrast leyfa“. Í bréfinu er Guðbjörg sökuð um að hafa dvalið í hreppnum „án nokkurrar heimildar frá hálfu hreppsnefndarinnar síðan 1885 þrátt fyrir það þótt nefndin hafi tvívegis í tækan tíma og á löglegan hátt byggt henni út“. Þá er hún einnig sökuð um að hafa „ekki haft neitt leifi frá hálfu tveggja ábúanda á Svarfhóli fyrir að halda þeirri byggðu lóð undir húsi því er hún dvelur í“. Þá taldi Guðmundur Guðbjörgu ekki uppfylla þau skilyrði sem sett séu húsfólki og því beri henni að hlýða fyrirmælum nefndarinnar og yfirgefa hreppinn sem fyrst.⁴⁹ Skúli svaraði nefndinni tíu dögum síðar og benti hreppstjórninni á að Guðbjörg hafi keypt sér leyfisbréf fyrir lausamennsku og því sé henni, samkvæmt lögum um lausamenn og húsmenn frá 1863, „heimilt að leita sjer atvinnu hvar sem hún helst vill og getur.“⁵⁰ Með bréfi Skúla í janúar 1890 lauk máli Guðbjargar, en með því að halda búsetu sinni til streitu og fara

⁴⁶ Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurhepp 1883–1896, bls. 101–102.

⁴⁷ Sama rit, bls. 79–80.

⁴⁸ Sama rit, bls. 91.

⁴⁹ Sama rit, bls. 120–121.

⁵⁰ Sama rit, bls. 129.

ekki eftir fyrirmælum hreppsnefndarinnar tókst henni að koma máli sínu áfram til sýslumanns sem að lokum úrskurðaði henni í vil.

Samskipti Guðbjargar við hreppsnefndina varpa áhugaverðu ljósi á stöðu einstæðra kvenna og möguleika þeirra til þess að fylgja ekki valdboði yfirvalda, en í bréfi til nefndarinnar biður Guðbjörg nefndarmenn að óvirða sig ekki þó hún „sé í kvennlegg og dirfist að pára“ þeim bréf.⁵¹ Af þeim fjórum konum sem gert var að yfirgefa hreppinn í fardögum 1886 var hún sú eina sem skrifaði nefndinni og jafnframt sú eina sem fylgdi ekki fyrirmælum hennar. Þar sem skrift varð ekki hluti af skyldunámi íslenskra barna fyrr en árið 1880 má leiða líkur að því að þær þrjár konur sem einnig fengu bréf hreppsnefndarinnar hafi ekki kunnað að skrifa og því ekki getað átt í samskiptum við nefndarmenn til að semja um stöðu sína á sama hátt og Guðbjörg.⁵² Af þeim fjórum konum sem fengu bréf hreppsnefndarinnar var Guðbjörg sú eina sem yfirgaf ekki hreppinn í fardögum 1886 en þrátt fyrir að sýslumaður hafi úrskurðað henni í vil í ársbyrjun 1890 yfirgaf hún hreppinn ári síðar og settist að á Ísafirði.⁵³

Trésmiðurinn Jón Helgason og tóvinnukonan Guðbjörg Sigurðardóttir andæfðu bæði skipunum og valdboði hreppsnefndarinnar, en þó með ólíkum hætti. Guðbjörg hunsaði fyrirmæli nefndarinnar og kom þannig máli sínu til sýslumanns en Jón kærði sjálfur framgang nefndarinnar og höfðu þau bæði betur gegn henni. Jón hélt áfram húsmennsku sinni í Súðavíkurreppi næstu árin, löglega og án afskipta yfirvalda, en Guðbjörg yfirgaf hreppinn þrátt fyrir úrskurð sýslumanns.

Mál þurrabúðarmannanna á Fótatröðum

Nafnarnir Kristján Þórðarson og Kristján Ólafsson voru báðir búsettir á Fótatröðum í Folfafæti þegar þeim bárust bréf hreppsnefndarinnar í desember 1885.⁵⁴

⁵¹ Sama rit, bls. 103.

⁵² Um skriftarkunnáttu kvenna sjá Erla Hulda Halldórsdóttir, „Kvennabréfin á Hallfredarstöðum. Hagnýting skriftarkunnáttu 1817–1829“, *Saga* 2/2013, bls. 57–91; Erla Hulda Halldórsdóttir, „„gleimdu ecki þinni einlægt Elskandi Sistir“. Skriftarkunnáttu sem félagslegt og menningarlegt auðmagn“, *Sögubing 2012. Ráðstefnurit*, Reykjavík: Sagnfræðistofnun, 2013, bls. 99–108.

⁵³ Í manntali ársins 1901 er Guðbjörg komin aftur í Súðavíkurrepp og þá skráð til heimilis í Súðavík og sögð lifa á styrkjum fóstursonar síns. Sjá ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894); *Vef. Manntalsvefur Þjóðskjalasafns Íslands: Eyrarsókn í Seyðisfirði*, 1901.

⁵⁴ Auk þeirra var ekkjinni Júlíönu Þórðardóttur bönnuð áframhaldandi búseta í hreppnum. Hún var systir Kristjáns Þórðarsonar og var einnig búsett á Fótatröðum. Júlíana mótmælti ekki nefndinni og réði sig vorið eftir sem vinnukonu í framfærsluhrepp sinn, Ögurhrepp. ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894), bls. 50.

Kristján Þórðarson var fyrri til að svara nefndinni, en það gerði hann 6. janúar 1886. Í bréfinu bað hann nefndina að veita sér leyfi til áframhaldandi búsetu í hreppnum auk lausamenskuleyfis til þriggja eða fjögurra ára. Væri slíkt leyfi ekki fánlegt krafðist hann þess að hreppsnefndin keypti af honum hús og lóð á fullu verði með þeim rökum að „eignarrétturinn sé friðhelgur og ... ekki megi skylda neinn til að láta hann af hendi“.⁵⁵ Hreppsnefndin svaraði ekki beiðni Kristjáns en í lok janúar sendi hún sýslumanni fyrirspurn þar sem hann var spurður hvort nefndinni væri skylt að kaupa hús og lóð þeirra manna sem hefði verið vikið burtu úr hreppnum.⁵⁶ Í bréfabókinni eru fá bréf er varða mál Kristjáns og því óljóst hver framgangur þess hefur verið. Einhver samskipti virðast þó hafa verið á milli hreppsnefnda Súðavíkurhrepps og Ögurhrepps, sem viðurkenndi sveitfesti Kristjáns í bréfi 1. maí 1887, en þá var Kristján enn búsettur í Súðavíkurhreppi. Í því bréfi bað hreppsnefnd Ögurhrepps Súðvíkinga að leyfa Kristjáni að dvelja í hreppnum á meðan hann gæti séð fyrir sér og fjölskyldu sinni sjálfur.⁵⁷ Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps virðist hafa orðið við þessari bön því Kristján bjó í hreppnum ásamt fjölskyldu sinni þar til hann lést úr ellikröm í Súðavík árið 1918.⁵⁸

Kristján Ólafsson svaraði bréfi hreppsnefndar tveimur vikum síðar en nafni hans, en á Fótartroðum hélt hann heimili ásamt „fylgikonu“ sinni Konkordíu Rósinkransdóttur. Konkordía átti sveitfesti í Súðavíkurhreppi og var ófrísk að barni þeirra Kristjáns þegar honum var vísað úr hreppnum. Kristján bað því nefndina um leyfi til þess að fá að dvelja áfram í hreppnum ásamt Konkordíu og barni þeirra, en í bréfi sínu brýndi hann fyrir nefndinni að ef honum yrði vísað úr hreppnum kæmi það í hlut sveitaþjóds Súðavíkurhrepps að sjá fyrir Konkordíu og ófæddu barni þeirra því samkvæmt lögum hlutu óskilgetin börn sveitfesti í sama hreppi og móðir þeirra.⁵⁹ Bréfi Kristjáns var ekki svarað, en hann hélt áfram þurrabúðarmennsku ásamt Konkordíu næsta árið og er ekki ólíklegt að hreppsnefndinni hafi þótt skárri kostur að leyfa Kristjáni að dvelja áfram í hreppnum í von um að hann æli önn fyrir fjölskyldu sinni, fremur en að eiga á hættu að þurfa að styrkja Konkordíu og barn þeirra. Það úrræði dugði þó aðeins til skamms tíma, en í janúar 1887 slitu þau Kristján og Konkordía samvistum og treysti hvorugt þeirra sér til að sjá fyrir barninu sem endaði á framfæri hreppsins.

⁵⁵ Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurhrepp 1883–1896, bls. 33.

⁵⁶ Sama rit, bls. 37.

⁵⁷ Sama rit, bls. 74–75.

⁵⁸ *Þ.Í.* Kirknasafn. Ögurþing BA/2. Prestþjónustubók (1881–1924), bls. 176.

⁵⁹ *Þ.Í.* Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894), bls. 50; *Hér.Í.* 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurhrepp 1883–1896, bls. 36. *Lovsamling for Island* 14, bls. 134–136.

Kristján yfirgaf þá hreppinn, fór fyrst sem vinnumaður í Vigur, en gerðist síðar sjómaður á Ísafirði.⁶⁰

Þurrabúðarmennirnir á Fótatröðum, þeir Kristján Þórðarson og Kristján Ólafsson, svöruðu báðir útbuðarbréfi hreppsnefndarinnar fullum hálsi og kröfðust þess að fá að halda áfram þurrabúðarmennsku í hreppnum. Báðum tókst þeim að sannfæra yfirvöld um að þeir gætu framfleytt sér og fjölskyldum sínum og því virðist Súðavíkurreppur ekki hafa séð ástæðu til þess að fylgja brottrekstri þeirra eftir. Aðra sögu er hins vegar að segja um þriðja þurrabúðarmanninn sem svaraði bréfi hreppsnefndarinnar.

Mál Jóns Jónatanssonar á Tröðum

Jón Jónatansson á Tröðum í Seyðisfirði var elsti viðtakandi bréfs hreppsnefndarinnar, tæplega sextugur, búsettur í grasnytjalausri þurrabúð ásamt eiginkonu sinni, tólf ára gamalli dóttur og átta ára gömlum syni.⁶¹ Jón hafði lengi verið þyrnir í augum yfirvalda við Ísafjarðardjúp og oft gerst sekur um ólöglega búsetu. Hafði honum verið vísað úr Bolungarvík árið 1862 vegna ólöglegrar búsetu í verbúð og úr Eyrarhreppi í Skutulsfirði vegna leyfislausrar búsetu sumarið 1864.⁶² Þá hafði hreppsnefnd Súðavíkurrepps haft afskipti af honum áður og meðal annars sektað hann fyrir ólöglega húsmennsku í hreppnum haustið 1864.⁶³

Jón svaraði bréfi hreppsnefndarinnar í lok janúar 1886 en í bréfi sínu segist hann tilneyddur að leita á náðir framfærsluhrepps síns vegna „aðþrengjandi aðstæðna sem [séu] fyrst og fremst af burtvísun ... á mjer úr þessum hreppi“.⁶⁴ Jón hafði þá dvalið sem ólöglegur þurrabúðarmaður í Súðavíkurreppi nær samfleytt frá árinu 1870, en átti sveitfesti í Saurbæ í Dalasýslu. Þremur mánuðum síðar, í apríl 1886, voru aðstæður hjá Jóni orðnar enn verri og skrifaði Ari Guðmundsson bóndi á Uppsölum hreppsnefndinni og sagði það nauðsynlegt að veita Jóni og fjölskyldu hans styrk úr sveitarþjóði þar sem þau hafi ekki „neitt matar í hálfan annan sólarhring ofan á langvarandi drátt“. Jóni hafði þá þegar

⁶⁰ ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BA/2. Prestþjónustubók (1881–1924), bls. 133. Sonur þeirra Kristjáns og Konkordíu dó rúmlega árgamall í lok mars 1887 og Konkordía árið 1898. Sjá ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BA/2. Prestþjónustubók (1881–1924), bls. 148 og 159.

⁶¹ ÞÍ. Kirknasafn. Ögurþing BC/5. Sóknarmannatal (1884–1894), bls. 44.

⁶² ÞÍ. Sýslumaðurinn í Ísafjarðarsýslu og bæjarfógetinn á Ísafirði. B/11, örk 3. Bréf 1861. ÞÍ. Sáttanefnd Skutulsfjarðarumdæmis 1816–1865, Ísafjarðarsýsla A/1-1, bls. 68–69.

⁶³ ÞÍ. Sáttanefnd Ögursveitar 1805–1867, Ísafjarðarsýsla A/1-1, bls. 47–48.

⁶⁴ Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurrepp 1883–1896, bls. 37.

verið veittur bráðabirgðastyrkur úr sveitarsjóði Súðavíkurhrepps vegna skorts á nauðsynjum þrátt fyrir að eiga ekki rétt á framfærslu þar.⁶⁵

Ef lítið er til umræðunnar á þingi var Jón Jónatansson hinn dæmigerði þurraþúðarmaður, sem ekki gat séð fyrir fjölskyldu sinni og safnaði skuldum um leið og lítið fiskaðist. Vegna örbirgðar og matarskorts gat Jón ekki mótmælt úrskurði Súðavíkurhrepps og fór svo að hann, ásamt fjölskyldu sinni, var fluttur hreppaflutningum suður í Saurbæ í Dölum árið 1887. Mál Jóns hafði þá dregist á langinn, en árslöng deila stóð á milli Saurbæjarhrepps og Súðavíkurhrepps um sveitfesti Jóns. Meðan á þeirri deilu stóð safnaði Jón skuldum í Súðavík og voru þær skuldir orðnar svo háar að sveitarsjóður Saurbæjarhrepps stóð ekki undir greiðslu þeirra. Því sömdu hrepparnir um að skuldin yrði greidd með árlegum afborgunum næstu fjögur árin.⁶⁶ Það gat því reynst sveitarsjóðum sjávarhreppanna þung byrði að þurfa að styrkja bjargarlausa sjómenn á aflaleyfisárnum þrátt fyrir að þeir ættu þar ekki sveitfesti. Þá hafði aflaleyfi við Djúp ekki aðeins áhrif á sveitarfélögin þar, heldur einnig þá hreppa sem þurftu að taka við sveitlægum þurraþúðarmönnum sem voru orðnir þurfamenn sökum fátæktar.

Niðurstöður

Í desember 1885 brá hreppsnefnd Súðavíkurhrepps á það ráð að vísa þrettán einstaklingum sem dvöldu þar í ólöglegri hús- eða þurraþúðarmennsku burtu úr hreppnum. Yfirvofandi sveitarþingsl vegna aflabrests og ótti við bjargarleysi fólks, sem hafði framfæri sitt að mestu leyti af fiskveiðum, virðast hafa verið með helstu ástæðum þessara brottflutninga. Hreppsnefnd Súðavíkurhrepps kappkostaði að koma öllum þeim einstaklingum og fjölskyldum, sem hún taldi líkleg til að valda þingslum, burtu úr hreppnum fyrir fardaga 1886. Nefndin sótti valdbod sitt í tilskipun um lausamenn og húsmenn frá 1863 sem meðal annars kvað á um að einstaklingar þyrftu leyfi frá sveitarstjórnnum til að hefja hús- eða þurraþúðarmennsku. Samkvæmt nefndinni höfðu þeir þrettán einstaklingar, sem hér er fjallað um, ekki fengið slíkt leyfi og taldist búseta þeirra því ólögleg. Óvíst er hvort að almennt hafi úðkast hjá hreppsnefnd Súðavíkurhrepps að veita slíkt leyfi. Að minnsta kosti er enga slíka umræðu að finna í bréfabók hreppsnefndar utan þeirra samskipta sem nefndin átti í varðandi mál þeirra sem hún vísaði burtu úr

⁶⁵ Sama rit, bls. 39.

⁶⁶ Jón var dæmdur sveitlægur í Saurbæjarhreppi árið 1887 og fluttur hreppaflutningum þangað sama ár. Samningur um greiðslu skuldar hans náðist hins vegar ekki fyrr en í maí 1889. Hér.Í. 196/34. Bréfabók fyrir Súðavíkurhrepp 1883–1896, bls. 90–91, 107–108; *ÞÍ*. Kirknasafn. Ögurþing BA/2. Prestþjónustubók (1881–1924), bls. 132.

hreppnum í árslok 1885. Af bréfabókinni að dæma virðist nefndin aðeins hafa lagt af stað í þetta átak, það er að vísa burtu því fólki sem hafði þar ólöglega búsetu, einu sinni, að minnsta kosti á því þrettán ára tímabili sem bréfabókin nær yfir. Nefndin virðist því hafa horft í gegnum fingur sér og veitt ólöglegu hús- og þurrabúðarfólki þegjandi samþykki og ekki amast út í búsetu þeirra í hreppnum þau ár sem efnahagsástand var gott og vel fiskaðist.

Lög um sveitfesti einstaklinga hafði einnig mikil áhrif á ákvörðun nefndarinnar, að minnsta kosti í málefnum þeirra einstaklinga sem höfðu dvalið langdvölum í hreppnum. Í bréfabók nefndarinnar má sjá að nefndin hafði ekki aðeins afskipti af ólöglegu hús- og þurrabúðarfólki, heldur beitti hún sér einnig gegn bændum og vinnufólki sem var við það að hljóta sveitfesti í hreppnum. Það má því ætla að nefndin hafi óttast að með því að hafa ekki haft afskipti af ólöglegum íbúum hreppsins árum saman gætu önnur yfirvöld litið svo á að nefndin hefði gefið þegjandi samþykki fyrir búsetu þeirra. Af þeim þrettán einstaklingum sem vísað var burtu úr Súðavíkurrepp í árslok 1885 höfðu fimm dvalið í hreppnum í að minnsta kosti fimm ár og má því leiða líkur að því að nefndin hafi óttast að þeir hlytu þar réttindi til framfærslu innan fárra ára.

Í bréfabók Súðavíkurrepps er að finna samskipti hreppsnefndarinnar við ólöglega íbúa hreppsins annars vegar og sýslumann Ísfirðinga hins vegar. Þessi samskipti veita áhugaverða innsýn inn í það hvernig atvinnulöggjöf 19. aldar var framfylgt af yfirvöldum. Viðbrögð þeirra fimm einstaklinga sem svöruðu bréfi nefndarinnar eru að sama skapi áhugaverð heimild um möguleika fólks til að andæfa valdboði yfirvalda, koma sér undan skipunum þeirra og semja um stöðu sína. Í samskiptum ólöglegs hús- og þurrabúðarfólks við hreppsnefndina birtast ólíkar aðferðir þeirra til að semja við nefndina eða hunska skipanir hennar. Þar má sjá að efnahagur og staða fólksins hafði mikil áhrif á möguleika þess til að semja um áframhaldandi búsetu í hreppnum. Þau sem gátu sýnt fram á að geta séð fyrir sér og sínum tókst að sannfæra nefndarmenn að þau yrðu ekki til vandræða og fengu því að búa áfram í hreppnum enda markmið aðgerðanna að takmarka sveitarþyngsl af völdum þurfafólks.

ÚTDRÁTTUR

Í lok árs 1885 bárust þrettán einstaklingum, níu körlum og fjórum konum, bréf frá hreppsnefnd Súðavíkurhrepps við Ísafjarðardjúp þar sem þeim var gert að flytja burt úr hreppnum á næstu fardögum ásamt fjölskyldum sínum. Þetta fólk átti það sameiginlegt að vera utansveitarfólk sem hafði sest að í hreppnum og hafði þar hús- eða þurrabúðarmennsku án þess að hafa fengið tilskilin leyfi frá yfirvöldum. Í bréfi hreppsnefndarinnar kemur fram að nefndin taldi búsetu fólksins í hreppnum brjóta gegn tilskipun um lausamenn og húsmenn frá 1863 og því réðist nefndin í þær aðgerðir að vísa fólkinu burtu úr Súðavíkurhreppi. Í greininni er þessi brottrekstur hreppsnefndar Súðavíkurhrepps á ólöglegu hús- og þurrabúðarfólki skoðaður frá nokkrum hliðum. Í fyrsta lagi verður sjónum beint að umræðu Alþingis um þurrabúðarmenn og þeim viðhorfum sem birtust meðal þingmanna og á síðum tímarita í aðdraganda þess að breytingar voru gerðar á lögum um þurrabúðarmenn árið 1888. Þá er sjónum beint að ástæðum þess að hreppsnefnd Súðavíkurhrepps vísaði þessu fólki burtu úr hreppnum og viðbrögðum þeirra einstaklinga sem svöruðu bréfi nefndarinnar.

Lykilorð: húsmennska, þurrabúðarmennska, sveitfesti, atvinnulöggjöf, Súðavíkurhreppur

A B S T R A C T

Without Local Authorities' Permission**The Eviction of Thirteen Lodgers from Súðavíkurhreppur in 1885**

In December 1885, the rural district council of Súðavíkurhreppur in the Westfjords of Iceland wrote a letter to thirteen inhabitants of the district, nine men and four women, where the council informed them that they had to leave the district before the end of May 1886 along with their families. The recipients of the letter all had in common that they were born outside the district but had moved there in the years prior to 1885 to become lodgers without having necessary permits to do so. In the letter the district council informs them that their residence in the district is seen as illegal, a violation of labour regulation, and therefore these persons should be evacuated. In this article the eviction of these thirteen illegal lodgers from Súðavíkurhreppur will be looked at from a few different perspectives. Firstly, it will shed a light on the discussion that took place in Alþingi, the Icelandic parliament, and in newspapers about lodgers who earned their living by fishing, but a change

HARPA RÚN ÁSMUNSDÓTTIR

was made to the law regarding these lodgers in 1888. Secondly, the article will focus on the reasons that underlaid the rural district council's decision to evacuate the thirteen illegal lodgers from Súðavíkurbreppur and, lastly, it will look at the responses of the lodgers who answered the council's letters.

Keywords: Lodgers, settlement, poor relief, labour regulation, Súðavíkurbreppur

HARPA RÚN ÁSMUNSDÓTTIR

Sagnfræðingur og verkefnisstjóri við Rannsóknasetur Háskóla Íslands á Norðurlandi vestra
harparun@hi.is